

Aðalfundur foreldraráðs BHS var haldinn í húsakynnum skólans, 15. sept. kl. 17-17.45 og hafði verið boðað til hans með löglegum hætti.

Mættir voru 10 foreldrar / forráðamenn.

Á dagskrá voru þessir liðir:

1. Lög og tilgangur foreldraráðs
2. Kosning þriggja fulltrúa í stjórn til tveggja ára og þriggja fulltrúa til þriggja ára
3. Kosning áheyrnarfulltrúa foreldra í skólanefnd
4. Önnur mál

Aðstoðarskólameistari, Ingi Bogi Bogason, stýrði fundi og fór yfir lög og tilgang félagsins. Þessi voru kosin í foreldraráð: Sveinn Ingvarsson, Guðrún K. Ástvaldsdóttir, Sólveig Sveinsdóttir (þessi þrjú til þriggja ára), Hilmar Pétur Gunnarsson, Þórdís Davíðsdóttir og Elva Ellertsdóttir (þessi þrjú til tveggja ára). Varamenn voru kosnir: Linda Birna Sigurðardóttir, Tanya Lynn Williamsdóttir, Aldrianne Roman, Björg Aðalheiður Jónsdóttir, Hanna Rún Eiríksdóttir, Hildur Kristín, Jón Kr. Friðgeirsson, Margrét Frímansdóttir.

Valdir voru þrír áheyrnarfulltrúar í skólanefnd: Linda Birna, Aldrianne og Sveinn og skiptast þeir á að sitja skólanefndarfundi.

Næsti fundur verður fimmtudag 24 sept. kl. 17 í BHS. Sveinn mun hafa samband við Aðalstein, fyrrverandi formann, og boða hann á fundinn til að segja frá starfi foreldraráðsins. Á fundinum verður ákveðið hvernig áheyrnarfulltrúar raðast á skólanefndarfundi.

Fleira ekki ákveðið.